

Alþingi
Erindi nr. P 143/5
komudagur 14.10.2013

14.10.2013

Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 6. mál.

Vísað er til fyrri umsagnar við 37. mál þar sem tillagan er óbreytt efnislega.

Með kveðju, Best regards,

Guðbjörg S. Jónsdóttir

Skrifstofustjóri/Office Manager

SVÞ/Federation of Trade & Services

Sími/Phone: +354 511 3000

Gsm: +354 698 3733, email: guðbjorg@svth.is

Borgartún 35, 105 Reykjavík, www.svth.is

AFRIT

Alþingi, nefndasvið
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

26. september 2013

Efni: Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi, 37. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu og SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla vilja koma eftirfarandi athugasemdum/ábendingum á framfæri við framangreinda þingsályktunartillögu.


Samtökin fagna framkominni tillögu og telja löngu tímabært að efla samþætta þjónustu fyrir foreldra með ung börn. Það fer vel saman að stefna að því að samfara lengingu fæðingarorlofs árið 2016 verði sveitarfélög í stakk búin að bjóða leikskólaúræði að loknu fæðingarorlofi ásamt því að efla þjónustu sjálfstætt rekinna umgbarnaleikskóla.

Vakin er athygli á því að innan SSSK eru reknir sjö ungbarnaleikskólar í þremur sveitarfélögum og hafa rekstraraðilar þessara skóla þannig haft forystu um að bjóða valkost fyrir foreldra sem sveitarfélög hafa ekki sinnt. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur tvisvar tekið saman skýrslu fyrir SSSK þar sem borin eru saman opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunn- og leikskóla og til skóla rekna af sveitarfélögum. Í síðari skýrslunni sem birt var í desember 2012, kemur fram að bæjarfélög greiða að meðaltali 10-12% minna á hvert barngildi í sjálfstætt reknum skólum en til eigin skóla. Meira en 20% munar í Reykjavík, en annars staðar er munurinn miklu minni. Dýrast er að sinna yngstu börnunum og þau eru fleiri í sjálfstætt reknum leikskólum en skólum sem bæjarfélög reka.¹ Af framangreindu er ljóst að sjálfstætt reknir leikskólar eru hagkvæmur kostur fyrir sveitarfélögin samhliða eigin rekstri og ætti að vera valkostur fyrir foreldra hvort formið þeir velja.

Í ljósi þessa óska samtökin eftir að við skipun nefndar verði litið til þeirrar þekkingar og reynslu sem er að finna hjá rekstraraðilum þessara skóla og þeim gefinn kostur á að skipa fulltrúa í nefndina.

Virðingarfyllst,

F.h. SSSK



Sigríður Anna Guðjónsdóttir, formaður

F.h. SVP



Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri

¹ Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: Skýrsla nr. C12:05; Opinber framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla og leikskóla, bls. 13-14, Desember 2012